



Fréttamolar FÍSP

Félag íslenskra
sjúkraþjálfara

Fréttamolar

Efnisyfirlit:

Starfsreglur Þýðingarsjóðs

Bati sjúkraþjálfun ehf.

Alþjóðlegur dagur sjúkraþjálfunar 2011

Rós FÍSP

Mánaðarleg fréttabréf

Við höldum nú áfram að senda út mánaðarlegu fréttabréfin í samvinnu við starfstöðvar, enda hafa þau fengið jákvæð viðbrögð. Nú eru það sjúkraþjálfarar í Bata sem leyfa okkur að kynnst starfsemi stöðvarinnar. Þeir hafa svo skorað á sjúkraþjálfara á Æfingastöð SLF að taka að sér næsta bréf.



Framundan:

- Fræðslufundur Diane Lee 4.okt
- Næsti skipulagði fundur stjórnar 6. október.
- Jólaskemmtun FÍSP í desember.
- Dagur sjúkraþjálfunar/ aðalfundur FÍSP mars 2012

Starfsreglur Þýðingarsjóðs

Starfsreglur Þýðingarsjóðs FÍSP eru nú komnar á heimasíðuna www.physio.is undir nefndir: Vísindasjóður.



Bati - sjúkraþjálfun ehf



Bati sjúkraþjálfun var stofnað af Svandísi Hauksdóttur og Magnúsi Ólafssyni árið 1999 og var til húsa í rúmlega 280m² húsnæði á 5. hæð í Kringlunni 4-12. Svandís yfirtók síðan reksturinn árið 2006 og haustið 2008 komu María Björk Ólafsdóttir og Þorgerður Kristjánsdóttir, ásamt mökum, inn í reksturinn. Í byrjun apríl 2010 flutti Bati starfsemi sína yfir götuna, í Kringluna 7, (hús verslunarinnar) þar sem Háskólinn í Reykjavík var áður til húsa. Stafsemi Bata er því nú í 560m² húsnæði og þar starfa 9 sjúkraþjálfarar ásamt Sesselju Blomsterberg, eða Settu eins og hún er kölluð, sem tekur á mótum þeim sem til okkar leita.

Óhætt er að segja að fyrirtækið sé að blómstra með frábærum hópi sjúkraþjálfara og aðstöðu sem við erum ákaflega stolt af. Aðgengi er mjög gott, staðurinn rómaður af skjólstæðingum fyrir hlýlegt og rólegt andrúmsloft. Við fáum marga skjólstæðinga úr nálægum hverfum, bæði eldri og yngri, íþróttafólk, fólk frá þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem í kringum okkur eru og stóran hóp neurologískra sjúklinga, svo eitthvað sé nefnt. Ástæðan fyrir flutningi Bata yfir götuna var m.a. sú að bjóða þessum sjúklingahóp (neurologiunni) upp á betri aðstöðu og teljum við okkur hafa náð því markmiði.

Við erum með breiðan hóp sjúkraþjálfara. Svandís kallar okkur eigendur Bata, “vel slípaða demanta” en hinir kalla okkur eflaust bara “gömlurnar”. Svo erum við líka með yngri “gullmola” í kringum okkur með mismunandi áhugasvið en öll sömul með brennandi áhuga á faginu. Hér er því engin lognmolla og miklar umræður sem oft skapast við tölvurnar og á kaffistofunni. Hér leiðist engum í vinnunni, svo mikið er víst.

Fysta er að telja Belindu, en hennar áhugasvið er taugasjúkraþjálfun og hreyfistjórn. Hún er einnig að kenna við námsbrautina í HÍ. Við vorum svo heppin að við fengum til liðs við okkur þau Sigurlaugu Mjöll og Sigurð Sölva, sem einnig hafa mikinn áhuga á þessu sviði. Í sumar kom Anna María til starfa en hún var að ljúka námi sínu frá Hollandi. Hennar áhugi liggur einnig m.a. annars á sviði neurologiunnar, en þó hefur hún sértakan áhuga á amputationum. Anna María vinnur einnig hlutastarf á Grensás. Sigurlaug er að ljúka röð námskeiða og verður þar með fyrsti Movement Therapist á landinu. Þetta nám gefur henni 30 einingar í marstersnám. Sigurður starfar mikið með íþróttafólki og hefur verið sjúkraþjálfari Stjórnunnar ásamt henni Sólborgu sem er nú búin að starfa hjá Bata í næstum 3 ár. Íþróttافرæðin á hennar hug allan en hún starfar einnig við göngugreiningu. Síðan er það Margrét sem einnig hóf störf í sumar, en hún lærði og starfaði í Danmörku en er einnig íþróttافرæðingur að mennt og hefur unnið mikið með hópa. María Björk er gúrúinn okkar í nálastungum og einnig sogæðameðferð. Svandís vinnur mikið með þá eldri borgara sem til okkar leita. Þorgerður starfar að stórum hluta með krónískum verkjasjúklingum.

Þetta haustið ætlum við að bjóða upp á tvenns konar hópmeðferðir; Hóp fyrir einstaklinga með einkenni eftir heilablóðfall, bæði byrjendahóp og framhald. Þessi hópur vakti mikla lukku þátttakenda s.l. vetur. Einnig er að fara af stað hópur fyrir eldri borgara þar sem áhersla verður lögð á jafnvægisæfingar.

Nú í október hefst síðan námskeið sem María Björk og Marjolein Roodbergen, sjúkraþjálfari á LSH í Fossvogi, verða leiðbeinendur á.

Námskeiðið nefnist; **Sogæðabjúgur – hvað getur þú gert sjálf!** – og er ætlað konum sem eru í áhættuhóp að fá sogæðabjúg í handlegg t.d. eftir að eitlar hafa verið fjarlægðir úr holhönd vegna krabbameinsmeðferðar og fyrir konur sem eru í, eða hafa verið í meðferð vegna sogæðabjúgs í handlegg.



Grensás og LSH Fossvogi í heimsókn



Við hjá Bata erum auðvitað með skemmtinefnd starfandi. Fimmtudagar eru „gourmet“ dagar og þá mætir einhver af okkur með eitthvað hollt og gott handa mannskapnum og svo auðvitað eitthvað óhollt með. Við erum með rauðvínsþott af og til – höldum árshátíð þar sem skemmtinefndin er með óvæntar upptökur – og höfum haft þemaviku með leynivín og jafnvel fengið skjólstæðinga okkar til að taka þátt. Við gerum alltaf eitthvað skemmtilegt fyrir jólin og breyttum Bata t.d. einu sinni í veitingahús og fengum matreiðslumann til okkar til að sjá um herlegheitin. Við förum jafnframt út að borða, eða gerum eitthvað skemmtilegt saman af og til.

Við höldum starfsmannafundi og fræðslufundi, en þyrftum reyndar að hafa miklu meiri tíma fyrir slíkt því hér er fólk mjög fróðleiksfúst og áhugasamt.



Allir í keilu !!

Við hjá Bata horfum bjartsýn til framtíðar og vonum að þrátt fyrir að okkur sem störfum í sjálfstæða geiranum sé gert mjög erfitt um vik, þá haldi fagið okkar áfram að blómstra og dafna og að stjórnvöld átti sig á mikilvægi þess sem við vinnum hörðum höndum að alla daga.

Kveðja til allra,
Starfsfólk Bata – sjúkraþjálfunar

Rósin:

Þeir sjálfbóðaliðar sem komu að Alþjóðlegum degi sjúkraþjálfunar fá rós FÍSP fyrir sitt framlag. Vel gert!

Félag íslenskra sjúkraþjálfara
Engjavegi 6
www.physio.is

Sími: 568-7661

Fax: 514-4001

E-mail: physio@physio.is

Alþjóðlegur dagur sjúkraþjálfunar 8. september 2011

Alþjóðadagur sjúkraþjálfunar var haldinn 8. september. Á þessum degi reyna sjúkraþjálfarar að gera sig sýnilega í samfélaginu. Í ár var sett upp heilsusmiðja í Kringlunni þar sem almenningi var m.a. boðið upp á ýmis konar mælingar, ráðgjöf og kynningar er varða líkamlega heilsu. Á Akureyri birtist umfjöllun um „bekkja brúk“ í Akureyri vikublað í tilefni þess að vígðir voru 2 nýir gönguhringir með bekkjum í bænum á árinu. Stjórn FÍSP þakkar öllum þeim sjúkraþjálfurum sem tóku þátt í því að gera sjúkraþjálfun sýnilega á alþjóðadegi sjúkraþjálfunar.

